

**Framtíðarsýn,  
stefna og megin verkefni  
Reykjanesbæjar  
2002-2006**

**Lagt fram í bæjarstjórn Reykjanesbæjar 5. nóvember 2002**

<b>FRAMTÍÐARSÝN REYKJANESBÆJAR.....</b>	<b>7</b>
<b>SAMKEPPNI.....</b>	<b>7</b>
<b>SAMEININGAR.....</b>	<b>7</b>
<b>REKSTRARAFKOMA .....</b>	<b>7</b>
<b>RAFRÆN/GAGNVIRK SAMSKIPTI.....</b>	<b>8</b>
<b>MEGINÁHERSLUR GAGNVART SAMSTARFSADILUM.....</b>	<b>9</b>
<b>BÆJARBÚAR .....</b>	<b>9</b>
<b>STARFSMENN .....</b>	<b>9</b>
<b>OPINBERIR AÐILAR .....</b>	<b>9</b>
<b>SJÁLFSTÆÐ FÉLÖG.....</b>	<b>9</b>
<b>ERLENDIR SAMSTARFSADILAR.....</b>	<b>9</b>
<b>BIRGJAR.....</b>	<b>9</b>
<b>ATVINNULÍF.....</b>	<b>9</b>
<b>UMHVERFIÐ.....</b>	<b>9</b>
<b>FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNUMÓTANDI VERKEFNI REYKJANESBÆJAR 2002-2006.....</b>	<b>11</b>
<b>ATVINNUMÁL .....</b>	<b>11</b>
<b>ORKUGARÐUR .....</b>	<b>11</b>
Verkefnisstjóri: BÆJARSTJÓRI .....	11
<b>ATVINNUSVÆÐIÐ HELGUVÍK.....</b>	<b>11</b>
Verkefnisstjóri: ATH.....	12
<b>ÖFLUG SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI .....</b>	<b>12</b>
Verkefnisstjóri: ATH.....	12
<b>STUÐNINGUR VIÐ VERSLUN OG ÞJÓNUSTU .....</b>	<b>12</b>
Verkefnisstjóri: ATH.....	13
<b>NÝ TÆKIFÆRI Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU .....</b>	<b>13</b>
Verkefnisstjóri: V1 .....	13
<b>MARKAÐSSETNING REYKJANESBÆJAR.....</b>	<b>13</b>
Verkefnisstjóri: V2.....	13
<b>REYKJANESBÆR FYRSTI OG SÍÐASTI ÁFANGASTAÐUR FERÐAMANNA....</b>	<b>14</b>
Verkefnisstjóri: ATH.....	14
<b>KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR.....</b>	<b>14</b>
Verkefnisstjóri: ATH.....	14
<b>BLÁA LÓNIÐ.....</b>	<b>14</b>
Verkefnisstjóri: ATH.....	14
<b>ÖFLUG UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ.....</b>	<b>14</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	15
<b>BÆTTAR SAMGÖNGUR .....</b>	<b>15</b>

Verkefnisstjóri: USK/ATH .....	15
<b>GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGUR AÐ FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR.....</b>	<b>15</b>
Verkefnisstjóri: USK/MÍT .....	15
<b>REYKJANESBRAUT.....</b>	<b>15</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	15
<b>FRAMHALD SAMSTARFS VIÐ VARNARLIÐIÐ.....</b>	<b>16</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	16
<b><i>FJÖLSKYLDU- OG FORVARNARMÁL.....</i></b>	<b><i>17</i></b>
<b>MANNGILDIÐ Í ÖNDVEGI .....</b>	<b>17</b>
Verkefnisstjóri: FJÖR .....	17
<b>FORVARNARSTEFNA REYKJANESBÆJAR.....</b>	<b>17</b>
Verkefnisstjóri: V3.....	18
<b>“NÝJA BARNIÐ” .....</b>	<b>18</b>
Verkefnisstjóri: FJÖR .....	18
<b>SAMSTARF VIÐ KIRKJUNA .....</b>	<b>18</b>
Verkefnisstjóri: FJÖR .....	18
<b>MANNGILDISSJÓÐUR REYKJANESBÆJAR.....</b>	<b>18</b>
Verkefnisstjóri: BÆJARRITARI .....	18
<b>ÞJÓNUSTUSEL ALDRADRA - ÞJÓNUSTUSVÆÐI .....</b>	<b>19</b>
Verkefnisstjóri: V4.....	19
<b>MÁLEFNI FATLAÐRA TIL SVEITARFÉLAGA .....</b>	<b>19</b>
Verkefnisstjóri: BÆJARRITARI .....	19
<b>HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA/HEIMILI FYRIR ALZHEIMERSJÚKLINGA.....</b>	<b>19</b>
Verkefnisstjóri: FJÖR .....	20
<b>AUKIÐ JAFNRÉTTI.....</b>	<b>20</b>
Verkefnisstjóri: FJÖR/FRÆ.....	20
<b>MÁLEFNI NÝBÚA/INNFLYTJENDA .....</b>	<b>20</b>
Verkefnisstjóri: FJÖR .....	20
<b><i>SKÓLA- OG MENNTAMÁL.....</i></b>	<b><i>21</i></b>
<b>LEIKSKÓLAR.....</b>	<b>21</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	21
<b>FJÖLGUN LEIKSKÓLAKENNARA.....</b>	<b>21</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	21
<b>ENGIR BIÐLISTAR.....</b>	<b>22</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	22
<b>GRUNNSKÓLAR - ÞEIR BESTU Á LANDINU.....</b>	<b>22</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	23
<b>RÉTTINDAKENNURUM VERÐI FJÖLGAD.....</b>	<b>23</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	23
<b>AFBURÐANEMENDUR.....</b>	<b>23</b>

Verkefnisstjóri: FRÆ .....	23
<b>FJÁRHAGSLEGT SJÁLFSTÆÐI SKÓLANNA.....</b>	<b>24</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	24
<b>SÉRSTAÐA HVERS SKÓLA.....</b>	<b>24</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	24
<b>ÖFLUGUR HEILSDAGSSKÓLI.....</b>	<b>24</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	25
<b>NÝR GRUNNSKÓLI.....</b>	<b>25</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	25
<b>TÓNLISTARSKÓLI – LISTAMÍÐSTÖÐ.....</b>	<b>26</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	26
<b>ÖFLUGUR FRAMHALDSSKÓLI .....</b>	<b>26</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	26
<b>HÁSKÓLADEILDIR Í REYKJANESBÆ .....</b>	<b>27</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	27
<b>SAMSTARF VIÐ NEMENDUR Á HÁSKÓLASTIGI.....</b>	<b>27</b>
Verkefnisstjóri: V5.....	27
<b>MÍÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR.....</b>	<b>27</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	28
<b>VIÐHORF TIL MENNTUNAR.....</b>	<b>28</b>
Verkefnisstjóri: FRÆ .....	28
<b><i>UMHVERFIS- OG FEGRUNARMÁL.....</i></b>	<b><i>29</i></b>
<b>HREINSUNARÁTAK Á JAÐARSVÆÐUM .....</b>	<b>29</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	29
<b>FRÁGANGUR Á GANGSTÉTTUM .....</b>	<b>29</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	29
<b>UMHVERFI FYRIRTÆKJA .....</b>	<b>29</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	29
<b>FITJAR – ÚTIVISTARSVÆÐI REYKJANESBÆJAR.....</b>	<b>30</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	30
<b>RÆKTUN OG UPPGRÆÐSLA.....</b>	<b>30</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	30
<b>HREINSUN STRANDLENGJUNNAR.....</b>	<b>30</b>
Verkefnisstjóri: USK (ATH nr. 5).....	30
<b>FRÁGANGUR GANGSTÉTTA Í ELDRI HVERFUM .....</b>	<b>31</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	31
<b>BÆJARHLIÐ, LISTAVERK - INNKOMA Í BÆINN.....</b>	<b>31</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	31
<b>STAÐARDAGSKRÁ 21 .....</b>	<b>31</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	31
<b><i>TÓMSTUNDA- OG ÍPRÓTTAMÁL.....</i></b>	<b><i>32</i></b>

<b>STUÐNINGUR VIÐ STARFSEMI ÍÞRÓTTAHEYFINGARINNAR.....</b>	<b>32</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	32
<b>FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK .....</b>	<b>32</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	32
<b>VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR.....</b>	<b>32</b>
<b>ÍÞRÓTTAMÍÐSTÖÐ NJARÐVÍKUR.....</b>	<b>32</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	33
<b>INNISUNDLAUG.....</b>	<b>33</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	33
<b>VATNSRENNIBRAUTIR.....</b>	<b>33</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	33
<b>KNATTSPYRNUVÖLLUR VIÐ HRINGBRAUT .....</b>	<b>33</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	34
<b>TÓMSTUNDASTARF Í GRUNNSKÓLUM.....</b>	<b>34</b>
Verkefnisstjóri: V6.....	34
<b>TÓMSTUNDAKRINGLA.....</b>	<b>34</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	34
<b>FÉLAGSSTARF ALDRADRA.....</b>	<b>34</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	34
<b>REYKJANESHÖLLIN.....</b>	<b>35</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	35
<b>FRÍSTUNDAVIKA.....</b>	<b>35</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	35
<b><i>SKIPULAGSMÁL.....</i></b>	<b><i>36</i></b>
<b>ÞRÓUNARSJÓÐUR SKIPULAGS.....</b>	<b>36</b>
Verkefnisstjóri: BÆJARSTJÓRI .....	36
<b>HAFNARGATAN ENDURBYGGÐ .....</b>	<b>36</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	37
<b>NÝ BYGGINGARSVÆÐI / FRAMTÍÐAR BYGGINGARLAND.....</b>	<b>37</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	37
<b><i>MENNINGARMÁL.....</i></b>	<b><i>38</i></b>
<b>LISTAMÍÐSTÖÐ – TÓNLISTARSKÓLI.....</b>	<b>38</b>
<b>DUUS-TORFAN.....</b>	<b>38</b>
Verkefnisstjóri: V8.....	38
<b>FISHERSHÚS.....</b>	<b>38</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	38
<b>SVARTA PAKKHÚSIÐ .....</b>	<b>39</b>
Verkefnisstjóri: USK.....	39
<b>FÉLAGS- OG MENNINGARMÍÐSTÖÐ UNGS FÓLKS.....</b>	<b>39</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	39
<b>LJÓSANÓTT.....</b>	<b>39</b>

Verkefnisstjóri: MÍT .....	40
<b>ÍSLENDINGUR – SÖGUSLÓÐIR OG VÍKINGALAND .....</b>	<b>40</b>
Verkefnisstjóri: V9 .....	40
<b>EFLING SAFNA .....</b>	<b>40</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	41
<b>LISTAVERK VIÐ INNKOMU Í BÆINN .....</b>	<b>41</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	41
<b>SAMSTARFSSAMNINGAR VIÐ MENNINGARHÓPA .....</b>	<b>41</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	41
<b>SAMNINGAR VIÐ MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ UM MENNINGARMÁL.....</b>	<b>41</b>
Verkefnisstjóri: MÍT .....	42
<b><i>STJÓRNSÝSLA.....</i></b>	<b><i>43</i></b>
<b>ÁRANGURSMÆLINGAR Í STJÓRNKERFINU .....</b>	<b>43</b>
Verkefnisstjóri: FJÁR .....	43
<b>ÁBYRG FJÁRMÁLASTJÓRN .....</b>	<b>43</b>
Verkefnisstjóri: FJÁR .....	43
<b>ÚTBOÐ VERKEFNA .....</b>	<b>44</b>
Verkefnisstjóri: FJÁR .....	44
<b>STARFSMANNASTEFNA .....</b>	<b>44</b>
Verkefnisstjóri: FJÁR .....	44

## FRAMTÍÐARSÝN REYKJANESBÆJAR

Reykjanesbær er framsækið og leiðandi sveitarfélag sem gegnir forystuhlutverki á sviði nýjunga í rekstri sveitarfélaga á Íslandi.

Reykjanesbær er öflugt og traust sveitarfélag sem gegnir mikilvægu hlutverki á sviði mótunar búsetuskilyrða á Reykjanesi.

Bæjarfélagið er fjárhagslega traust og stendur ávallt við skuldbindingar sínar gagnvart bæjarbúum og þeim sem það á í viðskiptum við.

Í Reykjanesbæ er lögð áhersla á mannrækt og aukið manngildi. Áhersla á forvarnir kemur m.a. fram í öflugum starfi á sviði félagsmála, íþróttar, frístunda og fræðslu.

Í Reykjanesbæ býðst góð menntun á öllum skólastigum með góðum leikskólum og grunnskólum, öflugum framhaldsskólum og kennslu á háskólastigi í greinum sem tengjast atvinnulífi og staðarkostum auk tengsla við innlenda og erlenda háskóla.

Reykjanesbær nýtir með sjálfbærum hætti náttúru og staðarkosti, sem felast m.a. í nálægð við megin samgönguæð þjóðarinnar, orkulindir, hafnaraðstöðu og fiskimið.

Reykjanesbær er virkur þátttakandi í eflingu atvinnulífs á Reykjanesi með því að laða að og leiða saman fjárfesta og vinna að fjármögnun nýrra atvinnutækifæra.

Reykjanesbær leggur áherslu á vandaðar langtímaáætlanir og stundar reglulegar árangursmælingar í því skyni að bæta þjónustu og stjórna sem best nýtingu aðfanga.

Stjórnvöld sveitarstjórnarmála geti ávallt borið traust til Reykjanesbæjar hvað varðar fjármála- og stjórnunarleg málefni.

Stjórnendur og starfsmenn Reykjanesbæjar eiga ávallt góð samskipti við samstarfs- og hagsmunaaðila.

Reykjanesbær er eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni. Aðstaða starfseminnar, tæki og aðbúnaður taki mið af því starfi sem fram fer.

### SAMKEPPNI

Reykjanesbær axlar ábyrgð sem leiðandi sveitarfélag á svæðinu.

### SAMEININGAR

Til að styrkja sóknarstöðu sína er Reykjanesbær ávallt reiðubúinn að skoða möguleika sem gefast til frekari sameiningar sveitarfélaga.

### REKSTRARAFKOMA

Tveir lykilþættir í starfsemi sveitarfélagsins eru meðferð opinberra fjármuna og þjónustustig. Það sem sker úr um árangur sveitarfélagsins er meðferð fjármuna, þekking til þess að veita

Þjónustu og hæfni og hugmyndaauði starfsfólks sem leitar sífellt nýrra lausna til þess að ná tókum á þeim verkefnum sem mæta þeim.

### **RAFRÆN/GAGNVIRK SAMSKIPTI**

Notendur þjónustu Reykjanesbæjar geta haft aðgang að upplýsingum um starfsemi sveitarfélagsins á öllum tímum sólarhringsins á gagnvirkum stjórnsýsluvef. Þar er hægt að afgreiða mál bæjarbúa og fyrirtækja.

## **MEGINÁHERSLUR GAGNVART SAMSTARFSADILUM**

### **BÆJARBÚAR**

Reykjanesbær leggur áherslu á að bæjarbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan stjórnsýslu- og þjónustuaðila við mannlíf og atvinnulíf á Reykjanesi.

Lögð er áhersla á að starfsemi sveitarfélagsins sé sýnileg m.a. með kerfisbundnu forvarnastarfi og ráðgjöf til bæjarbúa. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins sé persónuleg og eftir því sem lög og reglur heimila aðlöguð að þörfum einstaklinga og fyrirtækja.

### **STARFSMENN**

Reykjanesbær leggur áherslu á að hafa hæft, áhugasamt og ánægt starfsfólk sem nýtir kunnáttu sína, frumkvæði, getu og áhuga til þess að stuðla að enn betri þjónustu við bæjarbúa. Starfsfólki sé sköpuð viðeigandi starfsaðstaða og tækifæri til þróunar og símenntunar í starfi.

Reykjanesbær beitir sér fyrir því að menntunarstig, þjálfun, símenntun, félagslegur aðbúnaður starfsmanna og tengsl við fagfélög og stéttarfélög þróist í takt við þjóðfélagsaðstæður á hverjum tíma.

### **OPINBERIR AÐILAR**

Reykjanesbær vill eiga gott og náð samstarf við aðra opinbera aðila. Á það jafnt við um önnur sveitarfélög, ráðuneyti og stofnanir þeirra. Reykjanesbær uppfyllir á hverjum tíma kröfur opinberra aðila um starfsemi sveitarfélagsins.

### **SJÁLFSTÆÐ FÉLÖG**

Reykjanesbær vill eiga gott samstarf við félagasamtök sem vinna beint eða óbeint að málefnum bæjarbúa. Bæjarfélagið er tilbúið til þess að fela frjálsum félagasamtökum umsjón og framkvæmd þjónustupátta við bæjarbúa.

### **ERLENDIR SAMSTARFSADILAR**

Reykjanesbær tekur þátt í vinarbæjarsamstarfi og öðru erlendu samstarfi í þeim tilgangi að deila þekkingu og reynslu.

### **BIRGJAR**

Lögð er áhersla á að fagmennska, heiðarleiki og gagnkvæmt traust einkenni samskipti Reykjanesbæjar við birgja og verktaka og að nýta þjónustu þeirra eins og kostur er.

### **ATVINNULÍF**


Reykjanesbær leggur áherslu á að styðja við og styrkja atvinnulífið á svæðinu með almennum aðgerðum og laða að sér nýja starfsemi.

### **UMHVERFIÐ**

Starfsemi Reykjanesbæjar tekur tillit til umhverfisins með virkri umhverfisstjórnun, þar með talið stýringu á nýtingu aðfanga, endurnýtingu og förgun úrgangsefna. Líta ber á umhverfið í heild sinni sem einn af þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta af starfsemi Reykjanesbæjar.

# Reykjanesbær

## Hagsmunaaðilar



## FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNUMÓTANDI VERKEFNI REYKJANESBÆJAR 2002-2006

### ATVINNUMÁL

#### ORKUGARÐUR

Reykjanesbær mun á næstu árum beita sér fyrir gerð "umhverfissvæns orkugarðs" í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki sem nýta orku í starfsemi sinni. Með því er sérstaða Reykjaness nýtt skynsamlega. Orkugarður er samfélag sem byggt er á tilteknu svæði. Þar verður úrvals aðstaða fyrir menntastofnanir sem sérhæfa sig í orku- og jarðvísindum og fyrir frumkvöðlasetur í samstarfi fyrirtækja og stofnana. Staðsetning megin byggingar nærri Reykjanesbraut í landi Reykjanesbæjar er kjörin þar sem saman fara gott byggingarland, vatn og orka úr iðrum jarðar og gott samgöngunet bæði innan lands og utan. Reykjanesbær leggur áherslu á að halda forystuhlutverki sínu í Hitaveitu Suðurnesja og telur augljóst að framtíðarstaðsetning höfuðstöðva fyrirtækisins eigi að tengjast slíkum orkugarði á Reykjanesi. Með "orkugarði" væri unnt að stofna til vel launaðra starfa sem krefjast fjölbættrar menntunar.

#### Verkþættir:

1. **Undirbúningshópur með fulltrúa Rnb. og Hitaveitu hittir fulltrúa fyrirtækja og stofnana sem tengjast rannsóknum og þjónustu á sviði orkumála.**
2. **Könnun skipulags við landamerki Voga/Grindavíkur í austri.**
3. **Myndun undirbúningsfélags.**
4. **Undirbúningur vegarstæða og lóða – ath. efni frá Helguvík.**

#### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. **júní 2002/feb. 2003**
2. **mars 2003**
3. **mars 2003**
4. **apríl 2003**

#### Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:

1. **bæjarstjóri/ATH**
2. **USK**
3. **ATH/USK**
4. **USK**

#### Verkefnisstjóri: **BÆJARSTJÓRI**

Fjármögnunarleiðir: **Framlag Reykjanesbæjar og fyrirtækja sem koma að málinu.**

#### ATVINNUSVÆÐIÐ HELGUVÍK

Reykjanesbær mun fylgja eftir vel heppnaðri markaðssetningu Helguvíkur sem framtíðaratvinnusvæðis Reykjanesbæjar í iðnaði. Lagður hefur verið grunnur að framþróun fyrirtækja þar á næstu árum.

#### Verkþættir:

1. **Yfirlit verkefna sem hafa verið til skoðunar og ákvarðanataka um áherslur.**
2. **Frekari markmiðasetning um notkunarmöguleika svæðis.**
3. **Lóðir verði gerðar byggingarhæfar og vegagerð tilbúin undir malbik.**
4. **Fleiri viðlegukantar hannaðir og hafnargerð.**
5. **Markaðsáætlun um Helguvík sem framtíðar atvinnu- og iðnaðarsvæði með góðri tengingu við hafnir og Alþjóðaflugvöll (háhraða-upplýsinganet).**
6. **Könnun á nýtingarmöguleikum olíutankasvæðis og hafnar á vegum NATO í þágu Reykjanesbæjar.**
7. **Áætlun unnin um nýtingu grjótnáms og landmótunarsvæða í tengslum við verkið.**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. nóv 2002
2. nóv 2002
3. okt 2003
4. apríl 2003/okt 2004
5. des 2002
6. júní 2003
7. nóv 2002

**Hverjir ábyrgir fyrir hverjum verkþætti:**

1. ATH
2. ATH
3. ATH/USK
4. ATH
5. ATH
6. ATH
7. ATH/USK

**Verkefnisstjóri: ATH**

**Fjármögnunarleiðir: Tekjur af framkvæmdum og rekstri, ríkisframlög til hönnunarvinnu og hafnargerðar. Samstarf við einkaaðila um uppbyggingu.**

## ÖFLUG SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI

Reykjanesbær mun áfram styðja þróun í vinnslu sjávarafurða á svæðinu, m.a. loðnuafurða.

**Verkþættir:**

1. Löndun erlendra skipa í gegnum "ESB landamærastöð" í Njarðvíkurhöfn í tengslum við frystigeymslur.
2. Athugun nýrra atvinnutækifæra tengt húsnæði Fiskmarkaðs Suðurnesja.
3. Koma á aðstöðu sem uppfyllir skilyrði um hreint umhverfi.
4. Stuðla að nýtingarmöguleikum til aukinnar loðnufrystingar og góðrar starfsaðstöðu.

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. des. 2002
2. des. 2002
3. okt. 2006
4. feb. 2003

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:**

1. ATH
2. ATH
3. USK
4. ATH

**Verkefnisstjóri: ATH**

**Fjármögnunarleiðir: Hafnargjöld og leigutekjur.**

## STUÐNINGUR VIÐ VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Um leið og Reykjanesbær vinnur að því að laða fyrirtæki til bæjarins, mun hann einnig standa **vörð um þau fyrirtæki sem fyrir eru á svæðinu.**

**Verkþættir:**

1. Bæta umhverfi fyrirtækja í samstarfi við þau.
2. Viðhalda og efla hentugt umferðarskipulag.
3. Styðja fyrirtæki í endurbótum í umhverfi (þróunarsjóður skipulags).
4. Stuðningur við endurmenntun í gegnum Miðstöð símenntunar ofl.

**5. Gera áætlun um kynningu á verslun- og þjónustu í Reykjanesbæ í samstarfi við fyrirtækin.**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. Í gangi - tengist umhverfisátaki – sjá USK.
2. Í gangi - vísað til skipulagsáætlana.
3. okt. 2003 - sjá Þróunarsjóð.
4. feb. 2003

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:**

1. USK
2. USK
3. USK/Bæjarstjóri
4. FRÆ
5. ATH

**Verkefnisstjóri: ATH**

**Fjármögnunarleiðir: Rnb, framlög fyrirtækja og félaga!**

## NÝ TÆKIFÆRI Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Reykjanesbær getur verið stoltur af þeirri uppbyggingu heilbrigðismála sem hér hefur átt sér stað. Reykjanesbær vill styrkja enn frekar stöðu heilbrigðisþjónustunnar. Byggja þarf áfram á þeim tækifærum sem **góð sérfræðiþjónusta** veitir og búa um hana sterka umgjörð. Miklir möguleikar eru til að skapa nýja þjónustu m.a. heilsuþótar- og lækningaferðir til Íslands þar sem t.d. Bláa lónið og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja væru virkjuð til þátttöku. Þannig má skapa fleiri áhugaverð störf í bænum um leið og þjónusta við íbúana verður fjölþættari og vandaðri.

**Verkþættir: Skipa undirbúningshóp til frekari könnunar á verkefni**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar: nóv. 2002**

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: ATH**

**Verkefnisstjóri: V1**

**Fjármögnunarleiðir: Rnb og samstarfsaðilar (HSS ofl.)**

## MARKAÐSSETNING REYKJANESBÆJAR

Með það að markmiði að fjölga íbúum og atvinnutækifærum mun Reykjanesbær leggja áherslu á frekari markaðssetningu bæjarins og atvinnusvæða sem hér bjóðast og ná samstarfi við forsvarsmenn fleiri atvinnufyrirtækja um uppbyggingu þeirra hér.

**Verkþættir:**

1. Skilgreining markaðsverkefnis, m.t.t. ytri og innri þátta, sem dregur fram kosti Reykjanesbæjar, lífsgæði og möguleika sem felast í búsetu hér.
2. Læra m.a. af samstarfi við vinabæinn Hjörning um markaðssetningu bæjar.
3. Í skilgreiningunni komi fram atriði er varða "11 þætti í fyrirmyndarsveitarfélagi".
4. Kynningarleiðir ákveðnar.

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1-4 mars 2003

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:**

1-4 ATH

**Verkefnisstjóri: V2**

**Fjármögnunarleiðir: Rnb og fyrirtæki**

## REYKJANESBÆR FYRSTI OG SÍÐASTI ÁFANGASTAÐUR FERÐAMANNA

Með betri tengslum við alþjóðaflugvöll og aðlaðandi umhverfi Reykjanesbæjar er lögð áhersla á að Reykjanesbær verði áfangastaður allra ferðamanna.

### Verkpættir:

1. Skilgreina aðdráttaraflíð, umhverfi, markverða staði og muni.
2. Setja fram tillögur til að styrkja aðdráttaraflíð, s.s. merkingar, aðkomu að Rnb og umhverfi Reykjanesbrautar, samgöngur og aðgengi að svæðum.
3. Verkáætlun.

### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. des 2002
2. feb 2003
3. feb 2003

### Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:

1-3 ATH/USK

### Verkefnisstjóri: ATH

### Fjármögnunarleiðir: Byggir á starfsmönnum Reykjanesbæjar

## KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Hugað verði að aðstöðu fyrir innanlandsflug á Keflavíkurflugvelli og gert ráð fyrir að innanlandsflug verði fært til Keflavíkurflugvallar í framtíðinni. Gera skal ráð fyrir verkefninu í skipulagi umhverfis á svæði Reykjanesbæjar við flugvöllinn.

### Verkefnisstjóri: ATH

## BLÁA LÓNIÐ

Hugað verði að betri samgöngum og markaðstengingu við Bláa lónið.

### Verkpættir:

1. Rætt verði við Hitaveitu Suðurnesja um möguleika á styttingu leiðar frá flugvelli í Bláa lónið. Kannaðir verða möguleikar á umhverfisvænni umferð um svæðið.
2. Kannaðir möguleika á samstarfi við Bláa lónið um tengingu markaðssetningar við aðra athyglisverða staði/muni á svæðinu.
3. Könnuð verður þátttaka Reykjanesbæjar í markaðssetningu heilsutengdrar ferðapjónustu bæði í tengslum við HSS og Bláa lónið.

### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. nóv. 2002
2. nóv. 2002
3. júní 2003

### Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: ATH/USK

### Verkefnisstjóri: ATH

### Fjármögnunarleiðir: Reykjanesbær og samstarfsaðilar

## ÖFLUG UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Endurskoða stefnu í ferðamálum á svæðinu með það að markmiði að gera Reykjanes að miðstöð ferðamála á Íslandi (Íslendingur og söguslóðir).

Komið verði upp upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, íbúa og gesti þeirra í Reykjanesbæ.

Kannað verði samstarf við einkaaðila um upplýsingaveitur á svæðinu.

**Tímaáætlun hvers verkþáttar: feb. 2003**

**Verkefnisstjóri: MÍT**

**Fjármögnunarleiðir: Byggir á starfsmönnum Rnb.**

## BÆTTAR SAMGÖNGUR

Lögð verður áhersla á að bæta samgöngur frá Nesvegi (Stóru Sandvík) að Valahnúk við Reykjanesvita, svo og um Ósabotna að Stafnesi. Samræma þarf aðkomu Reykjanesbæjar, ríkis og Sandgerðisbæjar að verkefninu. Suðurstrandarvegur liggir frá Reykjanesvita í Þorlákshöfn.

**Verkþættir:**

1. Ræða við Vegagerðina um stöðu mála og næstu skref.
2. Fylgja málinu eftir á vettvangi SSS.

**Tímaáætlun hvers verkþáttar: í gangi**

**Verkefnisstjóri: USK/ATH**

**Fjármögnunarleiðir: Mannauður Rnb.**

## GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGUR AÐ FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Lögð verður áhersla á að ljúka viðræðum við Varnarliðið og tengda aðila um lagningu göngu- og hjólreiðastígs á milli Reykjanesbæjar og Flugstöðvar.

**Verkþættir:**

1. Skilgreina staðsetningu göngu- og hjólreiðastígs
2. Leita samstarfs um verkefnið við landeigendur/Vegagerð
3. Hefja framkvæmdir

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. nóv. 2003
2. nóv. 2003
3. mars 2004

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: USK/MÍT**

**Verkefnisstjóri: USK/MÍT**

**Fjármögnunarleiðir: samstarf**

## REYKJANESBRAUT

Reykjanesbær mun hvergi gefa eftir í baráttunni fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar og telur sigur ekki unnin fyrr en framkvæmdum er lokið.

**Verkþættir:**

1. Viðræður við Vegagerð, stöðufundir

**Tímaáætlun hvers verkþáttar: 2003-2007**

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: USK**

**Verkefnisstjóri: USK**

**Fjármögnunarleiðir: Vegagerðin**

## FRAMHALD SAMSTARFS VIÐ VARNARLIÐIÐ

Reykjanesbær mun beita sér fyrir áframhaldandi góðu samstarfi við Varnarliðið. Fjöldmörg samstarfsverkefni hafa skapað hagkvæmni í rekstri Reykjanesbæjar auk þess sem áfram verður fylgst vel með þróun atvinnumála þar.

### Verkpættir:

1. **Sameiginleg nýting íþróttamannvirkja, sbr. samning.**
2. **Samstarf um nýtingu Reykjaneshallar fyrir grunnskólabörn.**
3. **Starfskynningar grunnskólanema sem miða að framhaldsmenntun.**
4. **Ræða háskólatengsl í gegnum Varnarliðið – háskólaútibú.**
5. **Samstarf um fræðslu m.a. í tómstundum, félagsþjónustu og gagnkvæmar kynningar.**
6. **Efla sameiginlega menningar- og listviðburðir: áætlun.**
7. **Tillögur að markaðssetningu RNB til erlendra starfsmanna Varnarliðsins.**
8. **Sameiginleg afnot af hafnarmannvirkjum í Helguvík.**

### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. **í gangi sbr. samning**
2. **nóv. 2002**
3. **apríl 2003**
4. **nóv. 2002**
5. **jan 2003**
6. **nóv. 2002**
7. **nóv. 2002**
8. **í gangi sbr. samning**

### Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:

1. **MÍT**
2. **MÍT**
3. **FRÆ**
4. **FRÆ/MSS**
5. **FJÖR/MÍT**
6. **MÍT**
7. **MÍT**
8. **ATH**

### Verkefnisstjóri: **MÍT**

**Fjármögnunarleiðir: Byggir að mestu á mannauði Rnb.**

## FJÖLSKYLDU- OG FORVARNARMÁL

### MANNGILDIÐ Í ÖNDVEGI

Betri menntun, aðbúnaður og öryggi heimilanna er forgangsverkefni Reykjanesbæjar. Markmiðið er að stuðla að auknu heilbrigði og hamingju barna, unglinga, einstaklinga og fjölskyldna.

Unnin verður heildstæð stefna Reykjanesbæjar í fjölskyldumálum

#### Verkpættir:

1. Starfshópur þegar að störfum
2. Öflun upplýsinga um stefnumótunarefni
3. Samþætting við skólafélag, forvarnarstefnu ofl.
4. Tillöguskil til Rnb.

#### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. í gangi
2. nóv. 2002
3. des. 2002
4. mars 2003

#### Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:

1. FJÖR
2. FJÖR
3. FJÖR
4. FJÖR

#### Verkefnisstjóri: FJÖR

#### Fjármögnunarleiðir: Mannauður Rnb.

### FORVARNARSTEFNA REYKJANESBÆJAR

- að ljúka mótun forvarnarstefnu Reykjanesbæjar

1. að auka fræðslu og umfjöllun í gegnum vinnuskólann
2. að auka samstarf skóla og heilsugæslu
3. að auka fræðslu til foreldra barna á leik- og grunnskólaaldri
4. að auka fræðslu kennara, leiðbeinenda og þjálfara barna á leik- og grunnskólaaldri
5. að samræma fræðslu allra aðila sem starfa með börnum og unglingum
6. að stuðla að auknum tilboðum í heilbrigðum tómstundum fyrir alla aldurshópa
7. að efla íþróttaiðkun
8. að auka stuðning við forvarnarstarf Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar
9. að bjóða heilsdagsvistun í leikskólum fyrir 2-5 ára börn
10. að auka gæði menntunar í grunnskólum
11. að bjóða vandaða þjónustu í heilsdagsskóla

#### Verkpættir:

1. Endurskipun starfshóps MÍT með FJÖR og FRÆ
2. Upplýsingaöflun
3. Tillögur lagðar fram

#### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. nóv. 2002
2. nóv. 2002
3. des. 2002

**Verkefnisstjóri: V3**

**Fjármögnunarleiðir: Mannauður Rnb.**

## "NÝJA BARNIÐ"

-að styðja við forvarnarverkefnið "nýja barnið" hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Markmiðið er að veita foreldri stuðning á meðgöngutíma og fyrstu mánuðum eftir fæðingu. Tvinnuð verður saman hugmyndafræði um Nýja barnið við markmið FJÖR í forvarnar- og fjölskyldumálum.

**Verkpættir: Koma á samstarfi við HSS**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar: des. 2002**

**Verkefnisstjóri: FJÖR**

**Fjármögnunarleiðir: Mannauður Rnb og HSS**

## SAMSTARF VIÐ KIRKJUNA

Kannaðir verði möguleikar á nýjum rekstrarformum í félagsþjónustu m.a. í samstarfi við kirkjuna.

**Verkpættir: Kyning á sambærilegum verkefnum í Þýskalandi (Marburg)**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar: nóv. 2002/apríl 2003**

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: FJÖR**

**Verkefnisstjóri: FJÖR**

**Fjármögnunarleiðir: Kirkjan og Rnb**

## MANGILDISSJÓÐUR REYKJANESBÆJAR

Stofnaður verði sjóður í samstarfi Rnb. og áhugasamra fyrirtækja, með það að markmiði að veita stuðning við verkefni á sviði fræðslu, félagsþjónustu, íþróttar, menningar, lista, tómstunda og fjölskyldu- og forvarnamála. Með sjóðnum er sameinað átak til stuðnings verkefnum í þágu mannræktar og aukins mangildis í Reykjanesbæ. Í samþykktunum sjóðsins verði gert ráð fyrir deildaskiptingu og skilgreint vægi sviða og úthlutunarreglur.

**Verkpættir:**

- 1. Gera samþykktir fyrir sjóðinn og afla samstarfsaðila og skipun sjóðsstjórnar.**
- 2. Tillögur að fyrstu úthlutunum.**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

- 1. jan. 2003**
- 2. maí 2003**

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:**

- 1. Bæjarritari**
- 2. Bæjarstjóri/úthlutunarnefnd frá mangildissviðunum**

**Verkefnisstjóri: BÆJARRITARI**

**Fjármögnunarleiðir: Rnb og fyrirtæki**

## ÞJÓNUSTUSEL ALDRAÐRA - ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Skipulagt verði svæði innan Reykjanesbæjar til framtíðar fyrir eldri borgara þar sem m.a. verða **íbúðir og lítil sérbýli** sem tengjast **þjónustukjarna, dvalarheimili og hjúkrunarheimili**. Frá þjónustukjarna verði boðin vönduð **þjónusta inn á heimilin** til þess að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Þá geti verið þar aðstaða til tómsunda aldraðra. Fyrsta verkefni á svæðinu tengist smíði stofnunar sem getur tekið við **stigaukinni þjónustu við aldraða og úthlutun lóða undir sérbýli**.

### Verkþættir:

1. **Ákvörðun um framtíðarsvæði (með þátttöku félags eldri borgara)**
2. **Grunnskipulag lagt fram m.t.t. endurmats á þörfum fyrir mismunandi þjónustuúrræði.**
3. **Könnun á stofnun sérstaks félags um verkefnið.**
4. **Áfangaskipting framkvæmda og framkvæmdaáætlun.**
5. **Bygging 1. áfanga.**
6. **Bygging 2. áfanga.**

### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. **mars 2003**
2. **okt. 2003**
3. **mars-okt 2003**
4. **maí 2004**
5. **maí 2005**
6. **mars 2006**

### Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:

1. **USK, FJÖR, MÍT**
2. **USK, FJÖR, MÍT**
3. **USK, FJÖR, MÍT, bæjarstjóri**
4. **USK, FJÖR, MÍT (félag)**
5. **USK, FJÖR, MÍT (félag)**
6. **USK, FJÖR, MÍT (félag)**

### Verkefnisstjóri: **V4**

Fjármögnunarleiðir: Rnb í samstarfi við Stéttarfélag, atvinnurekendur, lífeyrissjóði og heilbrigðisstofnanir og einkaaðila. Ath. kaup og leigu sérbýla.

## MÁLEFNI FATLAÐRA TIL SVEITARFÉLAGA

Reykjanesbær er reiðubúinn að taka við málefnum fatlaðra frá ríkinu þegar samningar hafa tekist milli ríkis og sveitarfélaga um færslu verkefnisins ásamt nægjanlegum fjármunum.

**Verkþættir: Unnið í gegnum aðild að Sambandi íslenskra sveitarfélaga.**

### Verkefnisstjóri: **BÆJARRITARI**

## HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA/HEIMILI FYRIR ALZHEIMERSJÚKLINGA

Reykjanesbær mun vinna að bættri þjónustu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja við íbúa Reykjanesbæjar. Sérstaklega er mikilvægt að huga að virku heimilislæknakerfi fyrir eldri borgara og langsjúka, færa endurhæfingu heim í hérað og samræma þjónustu svo sem iðjuþjálfun og sjúkrapjálfun.

**Huga þarf að málefnum Alzheimer -sjúklunga og þjónustu þeim tengdum. Komið verði á fót litlu sambyli.**

**Verkpættir:**

1. Skilgreina þarfir fyrir Alzheimer sjúklinga í Reykjanesbæ.
2. Leita samstarfs um stofnun og rekstur sambýlisins við t.d. kirkju, rauðakross og/eða ríki.
3. Kanna mögulegt húsnæði, kaup eða leigu.

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. feb 2003
2. apríl 2003
3. maí 2003

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:**

1. FJÖR/HSS
2. FJÖR
3. FJÖR

**Verkefnisstjóri: FJÖR**

**Fjármögnunarleiðir: Rnb og samstarfsaðilar.**

## AUKIÐ JAFNRÉTTI

Það er markmið Reykjanesbæjar að vinna að auknu jafnrétti kynja hjá Reykjanesbæ sem vinnuveitanda, svo og í bæjarfélaginu í heild.

**Verkpættir:**

**Könnun/rannsókn á stöðu mála hverju sinni.  
Koma á samvinnu milli aðila og tryggja opinbera og faglega umræðu um gildi jafnréttis.  
Endurskoða jafnréttisáætlun.**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar: í gangi**

**Verkefnisstjóri: FJÖR/FRÆ**

**Fjármögnunarleiðir: FJÁR**

## MÁLEFNI NÝBÚA/INNFLYTJENDA

Mótuð verði stefna Reykjanesbæjar í faglegri aðkomu bæjarins að málefnum nýbúa/innflytjenda, þar sem stefnt sé að kynningum og námskeiðahaldi til að auka færni, menntun og vellíðan þeirra í samfélagi okkar.

**Verkpættir:**

1. Stofnun starfshóps.
2. Samþætta við jafnréttisáætlun og fjölskyldustefnu.
3. Tillögur lagðar fram.

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. nóv. 2002
2. nóv. 2002
3. feb. 2003

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:**

1. FJÖR, FRÆ, MÍT USK

**Verkefnisstjóri: FJÖR**

**Fjármögnunarleiðir: Rnb**

## SKÓLA- OG MENNTAMÁL

### LEIKSKÓLAR

Áfram verður stutt við það vandaða starf sem unnið er á leikskólum Reykjanesbæjar og hugað betur að tengingu 5 ára barna (m.a. á lokaári leikskóla) við fyrsta ár grunnskólans.

#### Verkþættir:

1. Námskeiðahald.
2. Samstarf skólastiga.
3. Hljóðkerfisvitundarpróf og málþroskapróf verði lagt fyrir öll leikskólabörn
4. Kennarar beri saman og kynni námskrár elstu aldurshópa leikskóla og yngstu deilda grunnskóla.
5. Heimsóknir og kynning nemenda og kennara beggja skólastiga.
6. Vinna að markvissri málörvun og örvun lesþroska í leikskóla.
7. Sérstaklega verði haldið utan um þau 5 ára börn sem ekki eru á leikskólum og þess gætt að þau njóti fræðslu/kynningar á grunnskólanum.

#### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. vor 2003-2006
2. í gangi
3. vor 2005
4. í gangi
5. vor 2003-2006
6. í gangi
7. mars 2003

Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: **FRÆ**

Verkefnisstjóri: **FRÆ**

Fjármögnunarleiðir: **Rnb**

### FJÖLGUN LEIKSKÓLAKENNARA

Áhersla verður lögð á fjölgun leikskólakennara, með það að markmiði að amk. 50% starfsmanna verði fagmenntaðir og amk. einn leikskólakennari starfi á hverri deild fyrir árið 2006.

#### Verkþættir:

1. Tryggja möguleika til fjarnáms.
2. Stuðla að aðsókn í fjar- og staðbundið nám, til að tryggja ofangreint markmið.
3. Stuðla að endur- og símenntun annarra starfsmanna leikskóla.

#### Tímaáætlun hvers verkþáttar:

1. í gangi
2. í gangi
3. í gangi

Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: **FRÆ**

Verkefnisstjóri: **FRÆ**

Fjármögnunarleiðir: **Rnb og starfsmenntasjóðir stéttarféлага.**

## ENGIR BIÐLISTAR

Reykjanesbær mun á næstu 3 árum:

- Eyða biðlistum eftir leikskólaplássum hjá börnum sem orðin eru 2ja ára
- ábyrgjast heilsdagsvistun allra barna á þeim aldri, sem óskað er heilsdagsvistunar fyrir.

**Verkpættir:**

1. **Fjölga börnum á deildum í samræmi við reglugerð, mtt. aðstæðna.**
2. **Endurbætur og stækkun Garðasels.**
3. **Stækkun Holts og endurbætur á lóð.**
4. **Val á lóð fyrir nýjan leikskóla.**
5. **Bygging nýs leikskóla.**
6. **Hugað að byggingu næsta leikskóla.**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. **sept 2002**
2. **lokið**
3. **ágúst 2003**
4. **janúar 2003**
5. **ágúst 2004**
6. **okt. 2005**

**Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti: FRÆ/USK**

**Verkefnisstjóri: FRÆ**

**Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðili að byggingu og rekstri eins leikskóla**

## GRUNNSKÓLAR - ÞEIR BESTU Á LANDINU

Aðbúnaður í grunnskólum Reykjanesbæjar er nú sá besti sem býðst á Íslandi. Reykjanesbær hyggst af sama metnaði stuðla að eflingu innra starfs skólanna.

Lögð verði áhersla á manngildi og nemendum gert kleift að tileinka sér mannrækt sem hverjum aldurshópi hæfir. Þáttur foreldra í skólastarfinu verði aukinn og sífellt verði leitað leiða til að auka skilning og samvinnu heimila og skóla sem skili sér í betri aga og námsárangri.

**Verkpættir:**

1. **Skólarnir noti þau matstæki sem þeir hafa til að efla innra starf og leggja grunn að umbótum.**
2. **Trygging þess að símenntunar og umbótaáætlanir skóla séu lagðar fyrir FRÆ.**
3. **Að úttekt sé gerð sem sýni að námsmat hvers skóla hafi það markmið að hvetja börn og örva í skólastarfi.**
4. **Leggja fram tillögur um leiðir og aðgerðaáætlun um að auka aga í grunnskólanum, sem mikilvæga forsendu námsárangurs.**
5. **Samstarf við staðarblöðin er varðar skipulega og jákvæða umfjöllun um skólastarf og fyrirmyndir ungs fólks.**
6. **Hafið verði samstarf við þá skóla sem eru til fyrirmyndar í námsárangri og starfsháttum.**
7. **Heiðurslistar Reykjanesbæjar verði skilgreindir (, þ.e. Grunnskólanemar sem ná góðum árangri og/eða framförum í námi, verði sérstaklega getið á "heiðurslista" á hverju vori og hausti!).**
8. **Ráðinn verði foreldraráðgjafi sem sinni tímabundnum, skilgreindum verkefnum er stuðli að auknum áhuga sem flestra foreldra á ábyrgu uppeldi, sérstaklega í skólastarfi og kennslu í námsaðstoð við barn sitt.**

**Tímaáætlun hvers verkþáttar:**

1. **apríl 2003-2006**
2. **apríl 2003-2006**
3. **apríl 2003-2006**
4. **feb. 2003**
5. **nón. 2002**
6. **nón. 2002**
7. **maí 2003**
8. **janúar 2003**

Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:

- 1-7 FRÆ
- 8 FRÆ/FJÖR/MÍT

Verkefnisstjóri: FRÆ

Fjármögnunarleiðir: Rnb – Menntamálaráðuneyti – kennarasamband - Manngildissjóður

## RÉTTINDAKENNURUM VERÐI FJÖLGAÐ

Réttindakennurum verði fjölgað innan skólanna og námsráðgjafar ráðnir. Markmiðið er að hlutfall réttindakennara verði komið úr 70% í 85% árið 2006.

Verkþættir:

- 1. Efling fjarnáms.
- 2. Ráðningar menntaðra námsráðgjafa með kynningum og auglýsingum.
- 3. Öflug kynning á grunnskólum og allri aðstöðu í Rnb, hjá KHÍ og HA.
- 4. Tryggja að aðstaða kennara til búsetu í Rnb sé samkeppnishæf, þmt. húsnæði, laun og leikskólar.

Tímaáætlun hvers verkþáttar:

- 1. í gangi
- 2. apríl 2003
- 3. mars 2003-2006
- 4. mars 2003

Hverjir ábyrgir f. hverjum verkþætti:

- 1. FRÆ
- 2. FRÆ
- 3. FRÆ/ATH
- 4. FRÆ/Fasteignaf

Verkefnisstjóri: FRÆ

Fjármögnunarleiðir: Rnb

## AFBURÐANEMENDUR

Hugað verði að afburðanemendum og þeim gefinn kostur á verkefnum við hæfi.

Verkþættir:

- 1. Samstarf um sérstök námskeið fyrir þennan hóp.
- 2. Samræming stundaskráa mtt. valgreina.
